

Það borgar sig

að senda úrð yðar til mín til viðgerðar. Fljót afgreiðsla, sanngjarnt verð.

CARL THORLAKSSON
úrmiður

676 Sargent Ave. Winnipeg

VERZLUNIN

Bókabúðin,

REYKJAVÍK

tekur íslandskar bækur, gamlar sem nýjar—gefur út í Ameríku, — í umboðssölu eða kaupir, ef um semur.

GUÐM. DAVIDSSON.

HVER ER TANNLÆKNIR YÐAR?

Varanlegir 'Crowns' og Tannfyllingar

—búnað til úr bestu efnum.
—sterkilega byggðar, þar sem mest reynt er.
—þægilegt að hafa með þeim.
—gærlaga tilbúnaðar.
—ending ábyrgð.

\$7

HVALBEINS VULCANITE TANNSETTI MÍN, Hvert

—göfa eftir unglægt áttit.
—rétt og viðeigandi með.
—þægilegt að hafa með þeim.
—þægilegt að hafa með þeim.
—þægilegt að hafa með þeim.
—þægilegt að hafa með þeim.
—þægilegt að hafa með þeim.

\$10

DR. ROBINSON

Tannlæknir og Félagar hans
BIRKS BLDG, WINNIPEG

Shingle Stain

Virkilega verjandi

Úr bæ og byggð.

Björn Jónsson, frá Churchbridge, Sask., kom til borgarinnar síðustu viku. Var hann á leið í skemmtiferð til Manitobavætns byggðar og bjóst við að dvelja þar um tveggja vikna tíma. Dóttir hans býr í grennd við Amaranth og fer hann vestur aðallega til að heimsækja hana.

Arni Thorlacius, heimkominn hermaður, fór til Wynyard á þriðjudaginn og bjóst við að dvelja þar vestra um mánaðartíma.

Greinin "Frá Norður-Dakota," sem birtist á 2. síðu í þessu blaði, var send af höf. fyrir þó nokkru síðan, en sökum verkfallins og þar af leiðandi brogðu á pósthlutningi, barst hún oss ekki fyr en eftir miðja síðustu viku.

Grímur Laxdal, sem nýlega er áfuttur til Arborg, Man., var hér á ferð um heimgina. Hann bjóst við að halda heimleiðis á mánudaginn.

Séra Guðm. Arnason, sem stundað hefur nám hér í retur, hélt heimleiðis á þriðjudaginn. Á hann heima í grennd við Hove, Man.

Ólafur Guðm. Arnason, sem stundað hefur nám hér í retur, hélt heimleiðis á þriðjudaginn. Á hann heima í grennd við Hove, Man.

Dr. Jón Arnason, sem útkrifaðist af leiknaskólanum hér í vor, lagði af stað vestur til Wynyard á þriðjudagskvöldið. Stóð hann þar að læknir og mun ódófað reynast Wynyard búum kærkominn gestur.

Með skipinu "Laplant" komu þessir íslandskir hermenn:
F. Arnason, Isafold, Man.
T. Davidson, Shoal Lake, Man.
E. E. Einarsson, Calder, Sask.
E. E. Einarsson, 539 Victor St.
C. E. Johnson, Lunder, Man.
L. A. Jónsson, Otto, Man.
O. Lindal, Lunder, Man.
V. J. Sigurðsson, Arborg, Man.
T. J. Thorkelson, Lunder, Man.

Staðfesting framkvæmd á Big Point stöðvöldinni hvítasunnudag:

Bjarni Þórðarson.
Eliur Marino Breckmann.
Eyjólfur Ingimar Tómasson.
Friðfinnur Þorkell Isfeld.
Hjörtur Tómasson.
Haraldur Allan Jónsson.
Ólafur Valdimarsson.
Óskar Tómasson.
Ragnar Adolf Goodmann.
Guðfinna Jónína Ólafsson.
Elga Jónína Ólafsson.
Helga Th. Jónsson.
Jóhanna Sigfríður Tómasson.
Kristín Lilja Johnson.

Stefán Thorson frá Gimli kom hingað snögga ferð um heimgina.

Mrs. Valgerður Fredrickson frá Wynyard, sem dvalir hér um tíma sér til heilsuþótar, hélt heimleiðis á mánudagskvöldið.

Á mánudaginn þann 16. júní gaf séra R. Pétursson saman í hjónaband, að heimili Mrs. S. Pétursson, 646 Toronto str., þau Þorstein Þorsteinsson Óliver frá Winnipegosis og ungrú Ingfríð Stevens frá Winnipeg. Ungu brúðhjónin sögðu af stað samdægurs til Winnipegosis, þar framtíðarheimili þeirra verður.

Deildir af Þjóðrekningistálinu hafa stofnaðar verið í Wynyard, Sask., og Markerville, Alta.

Fiakveiddar Norðmanna við Ísland.

Samkvæmt því sem "Gula Tidende" segir frá, er mikill hugur í Norðmönnum með það að stunda veiðar við Ísland í sumar, bæði með gufuskipum og vél-

skipum, ef næg olía fæst, sem menn vona. Frá Hörðafylki verða send mörg skip bæði til þorak- og sildarveiða, og sennilegt að enn fleiri verði send frá Stavanger. Frá Sunnmýri og Alasundi verða líka send mörg gufuskip.

Ef til vill verður minna úr þessu heldur en blaðið býtur við, því að vera má að á marga renni tvær grimur með það að stunda sildeveiðar hððan, þegar þeir komast að rann um það, að stjórinn hefir einokun á kolum og tollur hefir verið lagður á tómar síðartunnur.—Morgbl.

Björn Bjarnason

dr. phi.

3. júlí 1873—18. nóv. 1918

Hann var einn þeirra mörgu, er inflúenzan varð að bana. Einn af lærisveinum hans, Helgi Hjörvar kennari hefir minnst hans í skólablaðinu á þessa leið:

"Dr. Björn Bjarnason var bóndason frá Viðfirði í Suður-Múlasýslu. Þar ólat hann upp og kandi sig síðan að jafnaði við fæðingarást sinn. Hann kom í skóla 16 vetra og varð stúdent 1895 með ágætiseinkunn. Ekki voru það þó gáfur hans og kostgæfni við námið, sem hann var kunnastur að í skóla, enda var það ekki skaplyndi hans, að hafa sig mjög í frammi. En tvent er það annað, sem honum er viðbrugðið fyrir í skóla, eins og jafnan síðan, en það er fyrst þróðmenska hans og drengskapur í hvívetna, en annað frækni í íþróttum, einkum hverskonar fimleikum. Því að "eigi var sá leikur að nokkur þyrfti við hann að keppa". Og alla ævi voru íþróttir og karlmenaka yndi hans og eftirlæti. Hann hafði lífað sig inn í íþróttir formanna af slíkum áhuga og með þeirri gerhygli, að traulla hefir nokkur samtíðarmanna verið jafnoki hans í þekkingu og skilningi á þeim efnum. Um þetta er doktorsarit hans eins og kunnugt er. En hann var síhugandi um þessi fræði, og því er miður, að með honum hefir sjálfsagt farið í gröfina mikill óöðgðum fróðleik í þessum efnum. Íþróttir þessa lands mistu mikils, er honum entist ekki heila

og líf lengur en þetta. En aðalrit hans, "Íþróttir formanna", málfagurt og þrungið af fjöri og iðurhyggju, er þó mikil eign. Sú bók verður ungum mönnum þessrar þjóðar sífeld hressingarlind og hvöt til drengskapar og dáða.

Meðan heilsan leyfði fékst hann sjálfur við úti-íþróttir, og var að leikum með nemendum sínum, hvenær sem hann fékk við komið.

Dr. Björn lagði stund á norrena tungu við háskólann í Kaupmannahöfn. Í fyrstu ætlaði hann að verða lögfræðingur, en féll ekki það nám, og hvarf að norrenunni. Málið var honum hjartfólgið, og gaf hann sig einkum að anda þessa, sjálfri sál málsins, framþróun þess og tilbrigðum. Honum var yndi að komast vel að orði, og mjög hversdagslegt orðalag var ekki að hans skapi. Hann var og skáldmæltur, þótt hann flíkaði því lítt, (nema í þýðingum sínum í íþróttum formanna). Hann lauk meistaraþrófi í norrenum fræðum 1901 og hélt þá heim til Íslands og varð skólastjóri á Ísafirði. Þaðan var heim hans, Cyða Þorvaldadóttir læknis Jónssonar. Þau gengu að eikum um haustið 1902. Á þeim árum samdi hann doktorsrit sitt og varði það við háskólann 27. september 1905. Þau hjón eignuðust fjögur börn, en mistu af þeim eina dóttur, og bættist á haimur þeirra á veikindi hans sjálfs, sem þá voru hvað þungt. En bæði ástríki konunnar og tengdirnar urðu honum ómetanlegur styrkur í veikindum hans og mótlæti.

Eftir fjögura ára starf við kennarakólann, bílaði heila hans skyndilega. Eftir það er líf hans um margra ára skeið sífeldar líkamspjóningar og barátta við vanheilsu. Það varð nú hans hlutskíft, að reyna á þennan hátt hreyfing og karlenskuna, sem hann dáði svo mjög. Og ekki hvíkaði hann heldur, ekki mælti hann æðruorð hversu sem áhorfist. Aldrei var hann þrúðari en í mannaunum.

Hann leitaði sér heilsuþótar, fyrst hér heima, en síðan erlendis, og dvaldi lengstum í Sviss. Stundum batnaði honum, stundum heltóku veikindin hann aftur. Vorið 1917 var hann loks það

G. & H. TIRE SUPPLY CO.

McGee and Sargent, Winnipeg
PHONE 3HER. 3631

Gera við Bifreiða-Tires — Vulcanizing Retreading.

Féðum og aðrar viðgerðir
Bifreiða Tires til sölu
Seldar mjög ódýrt.
Vér kaupum gamlar Tires.
Útanþæjar þjótunum sint tafarlaust.

IDUNN.

Síðasta hefti 4. árganga, er nú komið til mín og verður tafarlaust sent til allra kaupenda. Og nú vil eg bjóða þá, sem ekki hafa borgað þennan árgang, að bregðast vel við og senda mér andvirði árgangsins (\$1.50), svo eg get gert full skil til útgefenda um næstu mán. Samót. Eg hefi fá ein eintök af þessum árgangi óseld og er hann alla 328 bla. af fræðandi og skemtilegu efni.

Byrjun næsta árganga kemur að afliðandi sumri, þá tvö hefti í senn.

Magnus Peterson,
247 Horace St.
Norwood, Manitoba.

hress orðinn, að hann gat haldið heimleiðis eftir meira en fjögura ára dvöl erlendis".

Dr. Björn var einn af stofnendum í. S. I. og var stjórnandi þess um nokkurt skeið. Var hann einn þeirra fáu manna, er sá nauðsyn þess að íþróttafélögin hefðu sameiginlega stjórn, allra sinna mála.


Fyrir utan aðalrit hans, Íþróttir formanna, má minnast hinnar ágætu þýðingar hans á bók J. P. Muller, "Min aðferð". Íþróttamenn munu lengi minnast dr. Björns Bjarnasonar fyrir hans ágæta starf í þarfar íþróttir hér á landi.

(Þróttur.)


The BRUNSWICK

-- All Phonographs in one --

Spilar allar Hljómplötur ágætlega.



STYLE 60 \$94.00



STYLE 22 — \$358.00

Þér ættuð bara að heyra
Brunswick Hljómvélina
og sannfærast um ágæti
hennar.



STYLE 200 — \$215.00



HLJÓMPLÖTUR..
Vjer höfum miklar
búðir af
BRUNSWICK
og
COLUMBIA

Vér höfum allar stærðir HLJÓMVJELA — \$64.00 til \$407.00 — Besta EIK eða MAHOGANY. Seldar fyrir peninga eða með sanngjörnum skilmálum.

Komið inn og heyrið þær spila — eða sendið eftir Mynda-Verðskrá.

Okkur

vantar

Litlar "CABINET" eða borð HLJÓMVJELAR. Gefum vel fyrir þær í skiftum upp í nýjstu BRUNSWICK.

The Phonograph Shop Ltd.

323 Portage Ave. -- Winnipeg.

The

Brunswick.

Þetta er einmitt

Búðin

til að kaupa HLJÓMVJELAR yðar í, HLJÓMPLÖTUR, ALBOM, NALAR, og til að fá allar viðgerðir gerðar á Hljómvélum yðar.